

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) 2015/720

2018/EES/85/19

frá 29. apríl 2015

um breytingu á tilskipun 94/62/EB að því er varðar að draga úr notkun á þunnum burðarpokum úr plasti (*)

EVROPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFNA,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 114. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins ⁽¹⁾,með hliðsjón af álitum svæðanefndarinnar ⁽²⁾,í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð ⁽³⁾,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/62/EB ⁽⁴⁾ var samþykkt til að koma í veg fyrir eða draga úr áhrifum af umbúðum og umbúðaúrgangi á umhverfið. Þó að burðarpokar úr plasti teljist umbúðir í skilningi þeirrar tilskipunar felur hún ekki í sér sértækar ráðstafanir vegna notkunar slíkra poka.
- 2) Núverandi umfang notkunar á burðarpokum úr plasti hefur í för með sér mikið rusl og óskilvirka notkun á auðlindum og er búist við að það aukist ef ekki er gripið til aðgerða. Rusl af burðarpokum úr plasti hefur í för með sér umhverfismengun og eykur hinn útbreidda vanda af rusli í vatnshlotum sem ógnar vistkerfum í vatni um allan heim.
- 3) Auk þess hefur uppsöfnun burðarpoka úr plasti í umhverfinu greinileg neikvæð áhrif á tiltekna atvinnustarfsemi.
- 4) Burðarpokar úr plasti af þykkt sem er minni en 50 míkron („þunnir burðarpokar úr plasti“), en þeir eru mikill meirihluti heildarmagnsins af burðarpokum úr plasti sem eru notaðir í Sambandinu, eru ekki endurnýttir jafn oft og þykkari burðarpokar úr plasti. Af þessum sökum verða þunnir burðarpokar úr plasti fyrir að úrgangi og, vegna þess hve þeir eru léttir, frekar rusl.
- 5) Núverandi endurvinnsluhlutfall þunnra burðarpoka úr plasti er mjög lágt og ekki líklegt að það hækki umtalsvert í nánustu framtíð sökum ýmissa erfiðleika við framkvæmd og af efnahagslegum toga.
- 6) Samkvæmt úrgangsmetakerfinu eru forvarnir mikilvægastar. Burðarpokar úr plasti þjóna margs konar tilgangi og verða notaðir áfram í framtíðinni. Gera ætti fullnægjandi ráðstafanir til að tryggja að þeir burðarpokar úr plasti sem eru nauðsynlegir endi ekki sem úrgangur í umhverfinu og upplýsa ætti neytendur um rétta soppmeðhöndlun.
- 7) Umtalsverður munur er á umfangi notkunar á burðarpokum úr plasti innan Sambandsins vegna mismunandi notkunarvenja, umhverfisvitundar og skilvirkni stefnuúræðanna sem aðildarríkin grípa til. Sumum aðildarríkjunum hefur tekist að draga umtalsvert úr umfangi notkunar á burðarpokum úr plasti og meðalnotkun í þeim sjö aðildarríkjum sem hafa náð mestum árangri nemur aðeins 20% af meðalnotkun í Sambandinu.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 115, 6.5.2015, bls. 11. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 242/2018 frá 5. desember 2018 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bifur birtingar).

(1) Stjtið. ESB C 214, 8.7.2014, bls. 40.

(2) Stjtið. ESB C 174, 7.6.2014, bls. 43.

(3) Afstaða Evrópuþingsins frá 16. apríl 2014 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og afstaða ráðsins eftir fyrstu umræðu frá 2. mars 2015 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum). Afstaða Evrópuþingsins frá 28. apríl 2015 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum).

(4) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/62/EB frá 20. desember 1994 um umbúðir og umbúðaúrgang (Stjtið. EB L 365, 31.12.1994, bls. 10).

- 8) Munur er á milli aðildarríkja á tiltækileika og nákvæmni gagna um núverandi umfang notkunar á þunnum burðarpokum úr plasti. Nákvæmni og samanburðarhæfi gagna um notkunina er höfuðatriði í mati á skilvirkni ráðstafana til að draga úr notkun og til að tryggja samræmd skilyrði við framkvæmdina. Því ætti að þróa sameiginlega aðferðafræði við útreikning á árlegri notkun, á einstakling, á þunnum burðarpokum úr plasti með það í huga að vakta framvinduna við að draga úr notkun á slíkum pokum.
- 9) Einnig hefur verið sýnt fram á að upplýsingar fyrir neytendur skipta miklu máli við að ná markmiðum varðandi að draga úr notkun á burðarpokum úr plasti. Framlag á stofnanastigi er því nauðsynlegt til að auka vitund um umhverfisáhrif burðarpoka úr plasti og koma í veg fyrir þann skilning sem nú ríkir að plast sé hættulaus og ódýr vara.
- 10) Aðildarríkin ættu að gera ráðstafanir til að draga umtalsvert úr notkun á þunnum burðarpokum úr plasti, í samræmi við heildarmarkmið úrgangsstefnu Sambandsins og úrgangsmetakerfið eins og kveðið er á um í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/98/EB ⁽¹⁾, til að stuðla að viðvarandi minnkun á meðalnotkun á þunnum burðarpokum úr plasti. Slíkar ráðstafanir til að draga úr notkun ættu að taka mið af núverandi umfangi notkunar á burðarpokum úr plasti í hverju aðildarríki fyrir sig, þar sem meira umfang krefst metnaðarþyllri viðleitni, ásamt þeirri minnkun sem hefur þegar náðst. Nauðsynlegt er að landsyfirvöld leggja fram gögn um notkun sína, í samræmi við 12. gr. tilskipunar 94/62/EB, til þess að vakta framvinduna við að draga úr notkun á þunnum burðarpokum úr plasti.
- 11) Þær ráðstafanir sem aðildarríkjunum ber að gera geta falið í sér notkun á efnahagslegum stjórntækjum, s.s. verðlagningu, sköttum og álögðum gjöldum, sem hafa reynst sérlega áhrifarík við að draga úr notkun á burðarpokum úr plasti, og markaðshindrunum, s.s. bönnum sem eru undanþágur frá 18. gr. tilskipunar 94/62/EB, að því tilskildu að þær takmarkanir séu hóflegar og án mismununar.
- 12) Þessar ráðstafanir geta verið mismunandi eftir umhverfisáhrifunum af endurnýtingu þunnra burðarpoka úr plasti eða af förgun þeirra, eiginleikum þeirra hvað varðar endurvinnslu og myltingu, endingu þeirra eða sértækri fyrirhugaðri notkun þokanna og með hliðsjón af öllum mögulegum skaðlegum staðgönguáhrifum (e. *substitution effect*).
- 13) Aðildarríkjum er heimilt að undanskilja burðarpoka úr plasti af þykkt sem er minni en 15 míkron („mjög þunnir burðarpokar úr plasti“), sem eru látnir í té sem innri umbúðir fyrir matvæli í lausu, ef það er nauðsynlegt af hollustuástæðum eða ef notkun á þeim stuðlar að því að koma í veg fyrir sóun á matvælum.
- 14) Aðildarríkjum er frjálst að nota tekjur sem er aflað með ráðstöfunum sem eru gerðar samkvæmt tilskipun 94/62/EB til að ná fram viðvarandi minnkun á notkun á þunnum burðarpokum úr plasti.
- 15) Áætlanir um að auka vitund neytenda almennt og námsáætlanir fyrir börn geta verið mikilvægur þáttur í að draga úr notkun á burðarpokum úr plasti.
- 16) Í Evrópustaðlinum EN 13432 um „Kröfur vegna umbúða sem eru endurheimtanlegar með moltun og lífrænu niðurbroti — Prófunarkerfi og matsviðmiðanir við lokasamþykki umbúða“ eru settir fram þeir eiginleikar sem efni þarf að hafa til að litið sé á það sem myltanlegt, þ.e. að hægt sé að endurvinna það í lífrænu endurnýtingarferli sem samanstendur af myltingu og loftfirrðri meltun. Framkvæmdastjórnin ætti að fara fram á það við Staðlasamtök Evrópu að þau þróa sérstakan staðal fyrir þakningar sem eru heimamyltanlegar.
- 17) Mikilvægt er að tryggja að merkimiðar og merki á lífbrjótanlegum og myltanlegum burðarpokum úr plasti séu viðurkennd í öllu Sambandinu.
- 18) Sumir burðarpokar úr plasti eru merktir sem „lífbrjótanlegir með oxun“ eða „niðurbjótanlegir með oxun“ af framleiðendum þeirra. Í slíkum pokum er íblöndunarefnum bætt í hefðbundið plast. Tilvist þessara íblöndunarefna veldur því að plastið brotnar með tímanum niður í litlar agnir sem verða eftir í umhverfinu. Það getur því verið villandi að vísa til slíkra poka sem „lífbrjótanlegra“ þar sem þeir eru hugsanlega ekki nein lausn á þeim vanda sem rusl er og gætu þvert á móti aukið mengun. Framkvæmdastjórnin ætti að rannsaka umhverfisáhrif notkunar á burðarpokum úr plasti sem eru niðurbjótanlegir með oxun og leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið, þ.m.t. og ef við á, ráðstafanir til að takmarka notkun á þeim eða til að draga úr öllum skaðlegum áhrifum.

⁽¹⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/98/EB frá 19. nóvember 2008 um úrgang og um niðurfellingu tiltekinnna tilskipana (Stjtuð. ESB L 312, 22.11.2008, bls. 3).

- 19) Ráðstafanir sem aðildarríkjunum ber að gera til að draga úr notkun á burðarpokum úr plasti ættu að leiða til viðvarandi minnkunar á notkun á þunnum burðarpokum úr plasti og ættu ekki að leiða til heildaraukningar á framleiðslu umbúða.
- 20) Þær ráðstafanir sem kveðið er á um í þessari tilskipun eru í samræmi við orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar um vegvísu að auðlindanýtinu Evrópu (e. *Roadmap to a Resource Efficient Europe*) og þær ættu að stuðla að aðgerðum gegn sjávarrusli sem eru framkvæmdar í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/56/EB ⁽¹⁾.
- 21) Því ætti að breyta tilskipun 94/62/EB til samræmis við það.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Tilskipun 94/62/EB er breytt sem hér segir:

1) Eftirfarandi liðir bætist við 3. gr.:

- „1a. „plast“: fjöllíða í skilningi 5. mgr. 3. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 (*) sem íblöndunarefnum eða öðrum efnum kann að hafa verið bætt við og sem getur gegnt hlutverki aðalbyggingarefnis burðarpoka,
- 1b. „burðarpokar úr plasti“: burðarpokar, með eða án halda, gerðir úr plasti, sem eru afhentir neytendum á sölustað vara eða afurða,
- 1c. „þunnir burðarpokar úr plasti“: burðarpokar úr plasti af þykkt sem er minni en 50 míkron,
- 1d. „mjög þunnir burðarpokar úr plasti“: burðarpokar úr plasti af þykkt sem er minni en 15 míkron sem eru nauðsynlegir af hollustuástæðum eða eru látin í té sem innri umbúðir fyrir matvæli í lausu ef það stuðlar að því að koma í veg fyrir sóun á matvælum,
- 1e. „burðarpokar úr plasti sem er niðurbrotanlegt með oxun“: plastburðarpokar úr plastefni sem í eru aukefni sem eru hvatar að niðurbroti plastefnisins í öragnir,

(*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 frá 18. desember 2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)), um stofnun Efnastofnunar Evrópu, um breytingu á tilskipun 1999/45/EB og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 793/93 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1488/94, sem og tilskipun ráðsins 76/769/EBE og tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 91/155/EBE, 93/67/EBE, 93/105/EB og 2000/21/EB (Stjútíð. ESB L 396, 30.12.2006, bls. 1).“

2) Eftirfarandi málsgreinar bætast við 4. gr.:

„1a. Aðildarríki skulu gera ráðstafanir til að ná fram viðvarandi minnkun á notkun á þunnum burðarpokum úr plasti á yfirráðasvæði sínu.

Í þeim ráðstöfunum gæti falist að nota landsbundin markmið um minni notkun, að viðhalda eða innleiða efnahagsleg stjórnækni, sem og markaðshindranir, með undanþágu frá 18. gr., að því tilskildu að þær takmarkanir séu hóflegar og án mismununar.

Slíkar ráðstafanir geta verið mismunandi eftir umhverfisáhrifunum af endurnýtingu þunnra burðarpoka úr plasti eða af förgun þeirra, eiginleikum þeirra hvað varðar myltingu, endingu þeirra eða sértækri fyrirhugaðri notkun.

Í ráðstöfunum aðildarríkjanna skulu felast annað hvort eftirfarandi eða hvort tveggja:

- a) samþykkt ráðstafana sem tryggja að eigi síðar en 31. desember 2019 fari árlegt notkunarmagn ekki yfir 90 þunna burðarpoka úr plasti á einstakling og eigi síðar en 31. desember 2025 ekki yfir 40 þunna burðarpoka úr plasti á einstakling eða sem nemur jafngildum markmiðum sem eru gefin upp sem þyngd. Mjög þunna burðarpoka úr plasti má undanskilja landsbundnum notkunarmarkmiðum,
- b) samþykkt stjórnækja sem tryggja að eigi síðar en 31. desember 2018 séu þunnir burðarpokar úr plasti ekki afhentir án endurgjalds á sölustöðum vara eða afurða, nema beitt sé öðrum jafnskilvirkum stjórnækjum. Mjög þunna burðarpoka úr plasti má undanskilja þessum ráðstöfunum.

(¹) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/56/EB frá 17. júní 2008 um ramma um aðgerðir Bandalagsins varðandi stefnu í sjávarumhverfismálum (Stjútíð. ESB L 164, 25.6.2008, bls. 19).

Frá 27. maí 2018 skulu aðildarríkin gefa skýrslu um árlega notkun á þunnum burðarpokum úr plasti þegar þau senda framkvæmdastjórninni gögn um umbúðir og umbúðaufgang í samræmi við 12. gr.

Eigi síðar en 27. maí 2016 skal framkvæmdastjórnin samþykkja framkvæmdargerð til að mæla fyrir um aðferðafræðina við útreikninga á árlegri notkun á þunnum burðarpokum úr plasti, á einstakling, og aðlögun skýrslusniðanna sem voru samþykkt með 3. mgr. 12. gr. Sú framkvæmdargerð skal samþykkt í samræmi við reglunefndarmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 21. gr.

1b. Aðildarríkjunum er heimilt, með fyrirvara um 15. gr., að nýta ráðstafanir, s.s. efnahagsleg stjórnþæki og landsbundin markmið um minni notkun, að því er varðar hvers konar burðarpoka úr plasti án tillits til þykktar þeirra.

1c. Framkvæmdastjórnin og aðildarríkin skulu stuðla með virkum hætti að upplýsingagjöf til almennings og vitundarvakningu um skaðleg umhverfisáhrif óhóflęgrar notkunar á þunnum burðarpokum úr plasti í a.m.k. eitt ár eftir 27. nóvember 2016.“

3) Eftirfarandi grein bætist við:

„8. gr. a

Sértækar ráðstafanir vegna lífbrjótanlegra og myltanlegra burðarpoka úr plasti

Eigi síðar en 27. maí 2017 skal framkvæmdastjórnin samþykkja framkvæmdargerð til að mæla fyrir um forskriftir merkimiða eða merkja til að tryggja að lífbrjótanlegir og myltanlegir burðarpokar úr plasti séu viðurkenndir í öllu Sambandinu og til að veita neytendum réttar upplýsingar um eiginleika þeirra er varða myltingu. Sú framkvæmdargerð skal samþykkt í samræmi við reglunefndarmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 21. gr.

Aðildarríkin skulu tryggja, eigi síðar en 18 mánuðum eftir samþykki þeirrar framkvæmdargerðar, að lífbrjótanlegir og myltanlegir burðarpokar úr plasti séu merktir í samræmi við forskriftirnar sem kveðið er á um í framkvæmdagerðinni.“

4) Eftirfarandi grein bætist við:

„20. gr. a

Skýrslugjöf vegna burðarpoka úr plasti

1. Eigi síðar en 27. nóvember 2021 skal framkvæmdastjórnin gefa Evrópuþinginu og ráðinu skýrslu um mat á skilvirkni ráðstafananna í 1. mgr. a í 4. gr., á vettvangi Sambandsins, gegn rusli, við að breyta hegðun neytenda og stuðla að forvörnum gegn myndun úrgangs. Ef matið sýnir að samþykktu ráðstafanirnar eru ekki skilvirkar skal framkvæmdastjórnin kanna aðrar mögulegar aðferðir til að ná fram minnkun á notkun þunnra burðarpoka úr plasti, þ.m.t. að setja markmið sem eru raunhæf og viðráðanleg á vettvangi Sambandsins, og leggja fram tillögu að nýrri löggjöf ef við á.

2. Eigi síðar en 27. maí 2017 skal framkvæmdastjórnin gefa Evrópuþinginu og ráðinu skýrslu um könnun á umhverfisáhrifum notkunar á burðarpokum úr plasti sem er niðurbjótanlegt með oxun og leggja fram tillögu að nýrri löggjöf ef við á.

3. Eigi síðar en 27. maí 2017 skal framkvæmdastjórnin meta áhrif vistferla mismunandi valkosta við minnkun á notkun mjög þunnra burðarpoka úr plasti og leggja fram tillögu að nýrri löggjöf ef við á.“

5) Í stað fyrstu undirgreinar 3. mgr. a í 22. gr. komi eftirfarandi:

„3a. Að því tilskildu að markmiðin, sem sett eru fram í 4. og 6. gr., náist er aðildarríkjunum heimilt að lögleiða ákvæðin sem sett eru fram í 4. gr. (1. mgr. a) og 7. gr. með samningum milli lögbærra yfirvalda og þeirra atvinnuvega sem um er að ræða.“

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 27. nóvember 2016. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Strassborg 29. apríl 2015.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

M. SCHULZ

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

Z. KALNIŅA-LUKAŠEVICA

forseti.
